

Fyrsta stigs þjónusta í grunnskólum Þingeyjarsveitar



Starfsfólki á vettvangi barns í grunnskóla ber samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að vera vakandi gagnvart velferð og farsæld barns. Taki starfsfólk eftir að þörfum barns er ekki mætt með viðeigandi hætti ber að bregðast við því strax og koma málum í réttan farveg.

Þrep	Verkferlar
1	• Umsjónarkennari skoðar fyrirbyggjandi gögn/upplýsingar um barnið sem til eru á vegum grunnskólans, hefur samband við forsjáraðila og metur þarfir og stöðu barnsins. • Umsjónarkennari setur upp áætlun um hvernig vinna á mál barnsins í samráði við forsjáraðila. Það er gert með því að leita í viðeigandi úrræði innan skólans (sjá tékklista) og/eða fá aðstoð frá ○ sérkennsluaðila viðkomandi stigs (sem situr í stoðteymi Þingeyjarskóla) ○ sérkennsluaðila Reykjahlíðarskóla og Stórutjarnaskóla. • Foreldrar geta óskað eftir samþættingu og að fá tengilið skólans inn í málið.
2	• Þjónustuteymi er myndað utan um málefni barns. Í teyminu sitja umsjónarkennari, forsjáraðilar, sérkennsluaðili, stuðningsfulltrúi (ef við á) og barnið sjálft. • Sérkennsluaðili heldur utan um þjónustuteymisfundina. • Teymið ákvarðar hvað skal gera og útbýr áætlun í málefnum barns. • Áætlun er endurmetin eftir þörfum og mat lagt á árangur í samráði við forsjáraðila. • Ef frekari stuðnings eða ráðgjafar er þörf varðandi málið er leitað til stoðteymis skólans/nemendaverndarráðs og/eða skólaþjónustu Þingeyjarsveitar. • Foreldrar geta óskað eftir samþættingu og að fá tengilið skólans inn í málið.
3	• Ef úrræði þjónustuteymis skila ekki árangri er málinu vísað til skólaþjónustu Þingeyjarsveitar í samráði við forsjáraðila barnsins. • Skólaþjónusta tekur málið til umfjöllunar og kemur með tillögur að næstu skrefum í málinu. • Ef málið er í fyrsta stigs samþættingu og úrræði bera ekki tilætlaðan árangur er málinu vísað til félagsþjónustu/barnaverndar og óskað eftir að málið verði gert að annars stigs eða þriðja stigs samþættingarmáli.

Forsjáraðili getur ávallt óskað eftir aðkomu tengiliðs að málefnum barns síns. Tengiliður veitir fjölskyldunni allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuna og ef beiðni um samþættingu hefur verið samþykkt getur tengiliður í samráði við forsjáraðila aflað upplýsinga um barnið hjá öðrum stofnunum sem tilheyra fyrsta þjónustustiginu, s.s. heilsugæslu, félagsmiðstöð eða íþróttatómstundapjálfa.